

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 320/1981 um eftirlit og mat á saltverkaðri síld til útflutnings.**

1. gr.

22. gr. reglugerðar nr. 320/1981 orðist svo:

Síldarsóltunarstöðvar skulu hafa nægjanlegt geymsluhúsnæði fyrir alla saltaða síld, þannig að unnt sé að geyma hverja síldartegund við réttar aðstæður. Tunnur skal geyma í geymsluhúsi á undirlögum þannig að þær nemi ekki við gólf. Geymsluhús skulu vera vel loftræst.

Í geymsluhúsnæði fyrir sérverkaða síld skal vera hægt að halda lofthitastigi $+8^{\circ}\text{C}$ til $+10^{\circ}\text{C}$ án tillits til veðráttu.

2. gr.

28. gr. reglugerðar nr. 320/1981 orðist svo:

Tunnur með sérverkaðri síld skal strax að loknum tilslætti flytja í geymsluhús þar sem lofthitastigi er haldið $+8^{\circ}\text{C}$ til $+10^{\circ}\text{C}$, sbr. 22. gr. og geyma þær þar, þar til síldin er verkuð eða í a.m.k. 4 vikur.

Tunnur með léttverkaðri síld skal strax að loknum tilslætti flytja í geymsluhús þar sem lofthitastigi skal haldið stöðugu milli -5°C til $+4^{\circ}\text{C}$.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 53, 30. maí 1984 um Ríkismat sjávarafurða. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Þó skal ákvæði 2. mgr. 2. gr. ekki öðlast gildi fyrir en 1. september 1988.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. september 1986.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 55/1970 um eftirlit og mat á ferskum fiski o. fl.**

1. gr.

Aftan við 7. gr. rg. nr. 55/1970 bætist við ný málsgrein er orðist svo:

Í fiskveiðiskipum skal vera búnaður til að vernda fiska fyrir skemmdum af of miklum þunga. Bil milli hillna má ekki vera yfir 80 cm. Síld má þó aldrei geyma í þykkari lögum en 60 cm.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 53, 30. maí 1984 um Ríkismat sjávarafurða. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. september 1986.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Gylfi Gautur Pétursson.